

Föstudaginn 23. september 1960.

Nr. 136/1960. Höfðaklettur h/f

gegn

Kaupfélagi Húnvetninga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisunarkrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Guðbrandi Ísberg, settum sýslumanni Húnavatnssýslu, ásamt samdómendum Hermanní Þórarínssyni hreppstjóra og Ernst Berndsen hafnarstjóra.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1960, sem hingað barst 18. júlí s. á., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins, og kröfum þeirra, málsatvikum og málsástæðum er þar eigi lýst nema að litlu leyti. Héraðsdómur hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessa megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim til úrskurðar af nýju, þótt málsgögn þau, er úrskurðinum fylgdu, bendi til þess, að hann sé að niðurstöðu til réttur.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Húnavatnssýslu 20. júní 1960.

Verjandi máls þessa krefst þess, að því verði vísað frá dómi nú þegar. Bein rök fyrir þeirri kröfu eru nær engin flutt fram, en í þess stað vísað til hæstaréttardóms og til tilgreindra laga- greina, án þess að greina á hvern hátt þær heimildir hleypa stoð- um undir frávisunarkröfu hans, eins og málið nú liggur fyrir. Hins vegar virðist það verða að vera lágmarkskrafta til málflytj- anda, að hann reyni að rökstyðja beinum orðum kröfur sínar, þær er hann ætlast til, að teknar verði til greina. Frávisun á þessu stigi málsins getur því eigi komið til greina.

Því úrskurðast:

Kröfu verjanda í máli þessu um frávisun þess nú þegar ber ekki að taka til greina.

Föstudaginn 23. september 1960.

Nr. 137/1960. Höfðaklettur h/f

gegn

Kaupfélagi Skagstrendinga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisunarkrafa. Ömerking.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Guðbrandi Ís- berg, settum sýslumanni Húnavatnssýslu, ásamt samdóm- endum Hermanní Þórarínssyni hreppstjóra og Ernst Bernd- sen hafnarstjóra.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1960, sem hingað barst 18. júlí s. á., og kraf- izt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, mál- inu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða honum málaskostnað í héraði og kærumálaskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði